

Breyting á deiliskipulagi Arnarness við Hegranes 22.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Arnarness í Garðabæ. Um er að ræða samþykkt byggingarskilmála sem gilda fyrir Hegranes 22 eftir breytinguna. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar skipulagsbreytingar og skipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 16. ágúst 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannsóknarsjóð um kvíða og skylda sjúkdóma.

1. gr.

Nafn og varnarþing.

Heiti sjóðsins er Rannsóknarsjóður um kvíða og skylda sjúkdóma. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur.

Stofnendur sjóðsins eru lækarnir:
Halldór Kolbeinsson, kt. 210455-3889,
Högni Óskarsson, kt. 190145-7199 og
Jón G. Stefánsson, kt. 100139-6859.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 525.000 og skal það ávallt haldast óbreytt að raungildi.

4. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skipa stofnendur sjóðsins. Stjórnin velur sér formann, ritara og gjaldkera. Ef stjórnarmaður óskar eftir að verða leystur frá stjórnarstörfum, þá velur hann eftirmann í stjórn í sinn stað úr hópi gildra félaga Geðlæknafélags Íslands.

Falli stjórnarmaður frá skulu þeir sem eftir sitja í stjórn velja nýjan stjórnarmann.

Formaður kallar saman fundi stjórnar og stýrir fundum. Hverjum stjórnarmanni er heimilt að óska eftir fundum stjórnar þegar þurfa þykir.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði kvíðasjúkdóma og skyldra sjúkdóma, m.a. með verkefnum, sem unnin eru á vegum sjóðsins, tækjakaupum, rannsóknarstyrkjum, launagreiðslum til aðstoðarfólks, ferðastyrkjum og endurmenntunarstyrkjum Enn fremur skal heimilt að greiða einstaklingum umbun fyrir rannsóknarstörf og aðstoð við rannsóknir. Sjóðnum skal einnig heimilt að styrkja starfsemi Geðlæknafélags Íslands með fjárframlögum, svo fremi að þau séu nýtt í anda þessarar skipulagsskrár.

6. gr.
Tekjur.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- Tekjur af samstarfsamningum við Íslenska erfðagreiningu ehf.
- Tekjur af rannsóknum og öðrum samstarfssamningum.
- Rannsóknarstyrkir.
- Arður af inneign sjóðsins.
- Aðrar tekjur.

7. gr.
Úthlutanir.

Stjórn annast úthlutun úr sjóðnum í samræmi við 5. gr. einu sinni á ári eða oftar, ef þurfa þykir.

8. gr.
Umsýsla sjóðsins.

Stjórn annast vörslu sjóðsins, ávöxtun og bókhald. Stjórninni er heimilt að veita viðurkenndu fyrirtæki á fjármálamarkaði umsýslu og ávöxtun sjóðsins í samræmi við markaða stefnu sjóðstjórnar þar um.

Stjórn skal halda fundargerðabók um alla fundi sína og ákvarðanir og hvaðeina annað er varðar rekstur sjóðsins.

Stjórnunar-, umsýslu- og risnukostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.
Einfaldur meirihluti ræður í öllum ákvörðunum stjórnar.

9. gr.
Reikningar.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið eigi síðar en 1. september ár hvert. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.
Breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna og ef allir stjórnarmenn eru sammála þar um. Slíkar breytingar skulu hljóta staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á sama hátt og skipulagsskráin. Aldrei má breyta ákvæðum 11. greinar um ráðstöfun eigna við sjóðsslit.

11. gr.
Sjóðsslit.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið að leggja hann niður, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna. Skulu eignir sjóðsins þá renna til hvers kyns rannsóknarstarfsemi í samræmi við 5. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. ágúst 2001.

F. h. r.
Jón Thors.

Bryndís Helgadóttir.